



Fundargerð

8. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:30 fimmtudaginn 05. maí 2022 á Hótel Örk, Hveragerði.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf. (í fjarfundi)
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands (í fjarfundi)
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir – fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá:

- Ársreikningur MSS 2021 – yfirferð og samþykkt/undirritun
- Aðalfundur – fyrirkomulag
- Önnur mál

Ársreikningur MSS 2021 – yfirferð og samþykkt/undirritun

Formaður stjórnar hóf fundinn með yfirferð á ársreikning, sem gerður er af KPMG og skoðunarmenn reikninga eru búnir að yfirfara og undirrita. Umræður stjórnar fór fram um ársreikning og skýringar á lykiltölum ræddar. Stjórnarmenn samþykkja og undirrita ársreikning Markaðsstofunnar fyrir árið 2021.

Aðalfundur – undirbúningur

Stjórn ræðir endanlegt fyrirkomulag aðalfundar og helstu álitamál sem gott væri að aðalfundur tæki til umræðu.

Önnur mál

Rætt var um fyrirliggjandi tillögu stjórnar fyrir aðalfund varðandi greiðslur til stjórnar sem á að taka í gildi frá því að ný stjórn tekur við. Stjórn fór yfir tillöguna og allir stóðu á bakvið hana. Stjórn samþykkir samhljóða.

Fundi slitið 11:15